

Fundur í fagráði nautgriparæktar 16. apríl 2014

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Bændahöllinni í Reykjavík og hófst kl. 13.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Sigurður Loftsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Þorsteinn Ólafsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson, Baldur Helgi Benjamínsson og Þóroddur Sveinsson mættu síðar á fundinn. Þórarinn Leifsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerðir síðustu funda
2. Umsóknir í þróunarsjóð
 - a. Bætt nýting mjaltþjóna
 - b. Átgeta íslenskra mjólkurkúa
 - c. Áhrif fóðrunar á efnasamsetningu mjólkur
 - d. Hámarks vaxtargeta íslenskra nauta til kjötframleiðslu
3. Umsjón með þróunarsjóðsfjármunum
4. Fagþing nautgriparæktarinnar
5. Holdanautaerfðaefni
6. Skýrsla til erfðanefndar landbúnaðarins
7. Ályktun frá aðalfundi LK
8. Áherslur fagráðs
9. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerðir síðastu funda.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð síðasta fundar, dags. 30. janúar 2014, og fundargerð ársfundar, dags. 27. mars 2014, samþykktar án athugasemda.

2. Umsóknir í þróunarsjóð.

Teknar fyrir umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar.

a. Bætt nýting mjaltþjóna

Umsókn frá Snorra Sigurðssyni, ráðgjafa hjá VFL í Danmörku, Mjólkursamsölunni og Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði varðandi bættu nýtingu mjaltþjóna hér á landi með hagnýtri ráðgjöf með sama hætti og gert hefur verið í Danmörku.

Rætt um umsóknina og aðeins skiptar skoðanir um hvaða áherslur eigi að leggja á við úthlutun styrkja úr þróunarsjóðnum. Enn fremur rætt um að samvinna og samhæfing þeirra sem að ráðgjöf standa sé ef til vill ónóg héraendis með hliðsjón af stærð og umfangi nautgriparæktar í landinu.

Afgreiðsla: Fagráð mælir með þessari umsókn og að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 750.000 en leggur jafnframt áherslu á að verkefnið nýtist þá öllum sem að ráðgjöf á þessu sviði koma. Enn fremur beinir fagráð þeim tilmælum til umsækjenda að

samráð verði haft um verkefnið við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

b. Átgeta íslenskra mjólkurkúa

Aðeins rætt um verkefnið og framgang þess.

Afgreiðsla: Fagråd mælir með því að veitt verði viðbótarframlag, allt að kr.

2.300.000, til þessa verkefnis vegna meira umfangs þess. Fagråd leggur áherslu á að tímaáætlanir standist og niðurstöður verði kynntar og nýttar til fullnustu.

c. Áhrif fóðrunar á efnasamsetningu mjólkur

Rætt um umsóknina, skipulag tilraunarinnar og hagnýts gildis hennar, sérstaklega með hliðsjón af þeirri stöðu sem uppi er á mjólkurvörumarkaði.

Afgreiðsla: Fagråd mælir með þessari umsókn og að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 5.000.000. Jafnframt fagnar fagråd því að Landbúnaðarháskólinn skuli sækja um fjármagn til tilraunar sem er í takt við það sem er að gerast í atvinnugreininni.

d. Hámarks vaxtargeta íslenskra nauta til kjötframleiðslu

Um er að ræða umsókn vegna tilraunar sem fagråd óskaði eftir. Verkefnið hafði áður verið kynnt fagráði og á síðasta fundi var óskað eftir endurskoðun á kostnaðarhlutdeild þróunarsjóðs. Við því hefur verið orðið.

Afgreiðsla: Fagråd mælir með þessari umsókn og að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 9.221.000 sem skiptist þannig; árið 2014 kr. 3.880.787, árið 2015 kr. 3.205.067 og árin 2016-17 kr. 2.135.146.

Fagråd tekur jafnframt fram að kostnaðarhlutdeild þróunarsjóðs í þessu tilviki er á engan hátt fordæmisgefandi heldur tilkomin vegna þess mikilvægis sem fagråd telur verkefnið hafa.

Björn S. Gunnarsson og Baldur Helgi Benjamínsson mættu til fundarins undir lið 2 b.

3. Umsjón með þróunarsjóðsfjármunum.

Rætt um umsýslu fjármuna úr þróunarsjóði nautgriparæktarinnar. Samkvæmt stjórnarsýslulögum er aðkoma Bændasamtaka Íslands að úthlutun fjármuna úr sjóðnum óeðlileg auk þess sem hún gerir Bændasamtökunum og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem er í eigu Bændasamtakanna, ákaflega erfitt um vik með að sækja um fjármuni í sjóðinn. Endurskoða þarf því verklag við úthlutanir og eru viðræður um að Framleiðnisjóður landbúnaðarins sjái um úthlutanir úr sjóðnum, en skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóðnum sé jákvæð umsögn fagráðs í nautgriparækt. Fagråd leggur áherslu á að verklagsreglur séu skýrar og undirstrikar að fjármunir þróunarsjóðsins séu eingöngu ætlaðir til verkefna í nautgriparækt. Nauðsynlegt er að framkvæmdanefnd búvörusamninga fjalli um málið áður en lengra er haldið.

4. Fagþing nautgriparæktarinnar.

Guðný Helga ræddi fagþing nautgriparæktarinnar og sagði það hafa verið vel sótt og mjög vel heppnað. Hún sagði Landssamband kúabænda hafa hug á að halda þessu áfram og ef til samþætta fagþingið og aðalfund Landssambands kúabænda. Hún velti einnig fyrir sér hvort ársfundur fagráðs ætti að vera opin og hvort hann ætti jafnvel að vera óháður fagþinginu.

Fundarmenn tóku undir að fagþingið hefði verið vel heppnað og full ástæða til þess að skapa þessum vettvangi framtíðargrundvöll.

Sigurður sagði Landssamband kúabænda hafa rætt enn frekari samþættingu aðalfundar LK og fagþingsins.

Fagråd var sammála um að styrkveitingar úr þróunarsjóðnum ættu að vera bundnar því að hægt væri að leita til aðilanna að verkefnum með að halda erindi eða kynningu á fagþingi nautgriparæktarinnar, ef það þætti henta efnistöku á hverjum tíma.

Póroddur Sveinsson mætti á fundinn í lok þessa liðar.

5. Holdanautaerfðæfni.

Áhættumat frá Matvælastofnun vegna innflutnings á nautasæði annars vegar og vegna innflutnings á fósturvísuðum hins vegar frá Geno Global Ltd í Noregi tekið til umfjöllunar ásamt afstöðu/umsagna Landssambands kúabænda og Bændasamtaka Íslands til þess.

Sigurður sagði frá því að Landssamband kúabænda hefði óskað eftir áhættumati frá Norsk Veterinærinstitutt. Enn hefðu einungis borist drög þaðan. Hann sagði jafnframt frá því að líklegasta framvinda málsins yrði sú að Landsamband kúabænda muni óska eftir því við ráðuneytið að fá flutt inn sæði á grundvelli áhættumats Matvælastofnunar og þeirra áhættuminnkandi aðgerða sem Matvælastofnun leggur til. Hann sagði að komið hefði fram fullur vilji til þess að hraða málinu innan ráðuneytisins. Áhættumatið væri hins vegar enn í umsagnarferli.

Gunnfríður spurði um hvernig þau bú sem flutt yrði sæði inn á yrðu valin, hvort um val yrði að ræða eða hvort þau myndu sækja um. Ljóst væri að til þeirra yrðu gerðar strangari kröfur en ella.

Sigurður sagði að fyrir það fyrsta yrði að liggja fyrir hvaða kvaðir yrðu lagðar á búin áður en nokkra ákvörðun væri hægt að taka þar að lútandi. Að öllum líkindum yrði þó að velja ákveðin bú sem uppfylltu eða gætu uppfyllt þær kröfur sem gerðar væru.

6. Skýrsla til Erfðanefndar landbúnaðarins.

Skýrsla Guðmundar Jóhannessonar, ábyrgðarmanns í nautgriparækt hjá RML, til Erfðanefndar landbúnaðarins um erfðafræðilega stöðu íslenska kúastofnsins lögð fram til kynningar.

Í framhaldinu varð töluverð umræða um meðal annars stöðu íslenska kúastofnsins, ræktunarstarfið, þann árangur sem náðst hefur og ræktunarmarkmið íslenska kúakynsins, auk þátttöku bænda almennt í ræktunarstarfinu. Einn þeirra liða sem rætt var um var ræktunarmarkmiðið og töldu menn fulla þörf á að ræða endurskoðun þess en það hefur verið óbreytt um allanga hríð. Ef til vill er kominn tími til þess að breyta því og þeim áherslum sem þar koma fram. Jafnframt komu fram nokkrar áhyggjur meðal fundarmanna vegna stöðu íslenska kúakynsins, möguleikum þess og samkeppnishæfni sem framtíðar framleiðslukyni íslenskra kúabænda. Í raun má segja að skýrslan dragi fram þann vanda sem Fagráð stendur frammi fyrir við val á kynbótagripum, þegar fórna þarf að hluta áherslum um hámarks kynbótaframfarir til að stemma stigu gegn óæskilegum skyldleika í stofninum. Ljóst er að á mjólkurvörumarkaði, bæði hérlendis sem og erlendis, liggja gríðarleg tækifæri. Horfur eru á aukinni eftirspurn um heim allan og áframhaldandi verðhækkunum á mjólk og mjólkurvörum. Þau tækifæri verða íslenskir kúabændur að nýta og spurning hvort núverandi ræktunarstefna tekur nægjanlegt mið af því. Þá er framundan vinna við stefnumörkun fyrir íslenska nautgriparækt, þar sem lagður verður grunnur að áframhaldandi samningum við ríkisvaldið um starfsskilyrði greinarinnar. Verkefni fagráðs hlýtur að vera að skoða sínar áherslur og ræktunarmarkmið með tilliti til þessara þátta.

7. Ályktun frá aðalfundi LK

Fagráði hefur borist svohljóðandi ályktun frá aðalfundi Landssambands kúabænda:

„Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn á Hótel Sögu 28.-29. mars 2014, beinir því til RML að framkvæma kvíguskoðanir tvisvar á ári.“

Ályktuninni verður beint til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

8. Áherslur fagráðs.

Rætt aðeins um áherslur fagráðs til næstu ára sem taka þurfa mið af viðfangi greinarinnar. Ákveðið að taka áherslurnar til umfjöllunar samhliða endurskoðun á ræktunarmarkmiðinu.

9. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Guðbjörg Jónsdóttir

Sigurður Loftsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Þorsteinn Ólafsson

Þóroddur Sveinsson

Björn S. Gunnarsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð síðasta fundar, dags. 30. janúar 2014.
2. Fundargerð ársfundar fagráðs í nautgriparækt, dags. 27. mars 2014.
3. Bætt nýting mjaltþjóna, umsókn í þróunarsjóð frá MS og SAM.
4. Átgeta íslenskra mjólkurkúa, umsókn vegna aukins umfangs í þróunarsjóð frá Lbhí.
5. Áhrif fóðrunar á efnasamsetningu mjólkur, umsókn í þróunarsjóð frá Lbhí.
6. Hámarks vaxtargeta íslenskra nauta til kjötframleiðslu, umsókn í þróunarsjóð frá Lbhí.
7. Mat á áhættu vegna innflutnings á nautasæði frá Geno Global Ltd í Noregi (Matvælastofnun)
8. Mat á áhættu vegna innflutnings á fósturvísu frá Geno Global Ltd í Noregi (Matvælastofnun)
9. Dæmi um áhættuminnkandi aðgerðir vegna innflutnings á erfðaeefni nautgripa frá Geno Global Ltd í Noregi (Matvælastofnun)
10. Afstaða Landssambands kúabænda gagnvart áhættugreiningu vegna innflutnings á erfðaeefni nautgripa frá Noregi, bréf til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 4. apríl 2014.
11. Umsögn BÍ um áhættumat vegna innflutnings á nautasæði og fósturvísu frá Geno Global Ltd. í Noregi.